

Þriðjudaginn 14. apríl 1987.

Nr. 121/1987.

Anna Sigríður Guðmundsdóttir**Sveinn Ívarsson**

gegn

Hafliða Guðjónssyni**Björgu Árnadóttur og****Rolant Dahl Christiansen**

Kærumál. Meðalganga. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðilar hafa með kæru 26. f.m., er barst Hæstarétti 3. þ.m., skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar og gert þær kröfur að dómurinn verði felldur úr gildi og þeim heimiluð meðalganga í máli því sem höfðað hefur verið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Hafliða Guðjónssyni á hendur Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen. Einnig krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Kæra máls þessa til Hæstaréttar er heimil samkvæmt b- og i-liðum 1. mgr. 21. greinar laga nr. 75/1973.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara að gallar á birtingu meðalgöngustefnu leiði eigi til frávísunar málsins.

Eigi þykja þeir gallar heldur vera á málatilbúnaði meðalgöngustefnenda að vísa eigi sökinni frá af þeim ástæðum. Og þar sem úrslit máls þess, sem krafist er meðalgöngu í, gætu skipt sóknaraðila máli að lögum ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi. Málskostnaður verður eigi dæmdur á þessu stigi málsins.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi og er sóknaraðilum, Önnu Sigríði Guðmundsdóttur og Sveini Árnasyni, heimil meðalganga í bæjarþingsmálinu: Hafliði Guðjónsson gegn Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. mars 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 5. mars sl. um frávísun meðalgöngusakar, höfðaði Hafliði Guðjónsson, nnr. 7859-1625, Laugavegi 18, Reykjavík, gegn Björgu Árnadóttur, nnr. 1257-5513, Uppsölum, Fremri-Torfustaðaheppi, Vestur-Húnavatnssýslu og Rolant Dahl Christiansen, nnr. 7363-3338, Fljótaseli 26, Reykjavík, með þingfestingu málsins 8. janúar 1987.

Dómkröfum stefnanda er þannig lýst í stefnu:

„Að stefndu verði, in solidum, dæmd til að greiða kr. 3.445.000,00 með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 11. mars 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til greiðsludags, að staðfest verði löghald í fjárkröfum stefndu á hendur Sveini Ívarssyni og Önnu Sigríði Guðmundsdóttur, báðum til heimilis að Álfhólsvegi 79A, Kópavogi, samkv. dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 187/1983:

Anna Sigríður Guðmundsdóttir
og Sveinn Ívarsson
gegn
Björgu Árnadóttur og
Rolant Dahl Christiansen og
Hafliða Guðjónssyni
og gagnsakir,

en löghaldsgerðin, sem fram fór til tryggingar dómkröfum máls þessa, hófst 15. þessa mánaðar og lauk hinn 16. sama mánaðar, að stefndu verði, in solidum, dæmd til að greiða kr. 40.790,00 með 2,25% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 16. desember 1986 til greiðsludags vegna útlagðs kostnaðar við löghaldsgerðina, að stefndu verði, in solidum, dæmd til að greiða stefnanda málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, sbr. málskostnaðarreikning er lagður verður fram við þingfestingu máls þessa.“

Dómkröfur stefndu eru þær að þeim verði aðeins dæmt að greiða aðalstefnanda, Hafliða Guðjónssyni, kr. 1.100.000,00 með vöxtum og vaxtavöxtum sem hér segir: 34% ársvöxtum af kr. 200.000,00 frá 10.7. 1982 til 10.8. s.á. og af kr. 380.000,00 frá þeim degi til 1.11. s.á., 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.12. s.á. og af kr. 1.100.000,00 frá þeim degi til 20.9. 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 20.10. s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20.11. s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20.12. s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20.1. 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11.8. s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á. og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Vextir leggist við höfuðstól í fyrsta sinn 31.12. 1982 og síðan

á 12 mánaða fresti. Málskostnaður verði skv. mati hins virðulega réttar og löghald verði staðfest til tryggingar fjárhæðum þessum.

Við þingfestingu þessa, sem fram fór 8. janúar sl. eins og fyrr greinir, mætti Jón Bjarnason hrl. og lagði fram svohljóðandi stefnu:

„STEFNA.

Jón Bjarnason, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík

GJÖRIR KUNNUGT: Að hann fyrir þau Önnu Sigríði Guðmundsdóttur og Svein Ívarsson, bæði til heimilis að Álfrhólsvegi 79A, Kópavogi, lýsir því yfir að þau krefjist þess að gerast meðalgöngumenn í bæjarþingsmálinu nr. 9/1987: Hafliði Guðjónsson gegn Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen, sem þingfest er nú hér á bæjarþinginu.

Kröfur meðalgöngaðila eru þær að aðilum máls þessa verði gert að hlíta meðalgöngu þeirra Sigríðar Önnu Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar, að synjað verði um staðfestingu á löghaldi er lagt var hinn 16. desember 1986 á „fjárröfur gerðarþolanna“ (stefndu í máli þessu, Bjargar Árnadóttur og Rolants Dahl Christiansen) „á hendur Sveini Ívarssyni og Önnu Sigríði Guðmundsdóttur“, samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 31. maí 1985 og að aðilum verði gert að greiða meðalgöngaðilum hæfilegan málskostnað að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi.

Málavextir eru þeir að stefndu gerðu kaupsamning við meðalgönguaðila um hluta fasteignarinnar nr. 25 við Nóatún hér í borg.

Stefndu stóðu ekki við kaupsamning þennan en gerðu „kaupsamning“ við stefnanda um þennan sama eignarhluta og „afsöluðu“ stefnanda síðan eignarhlutanum.

Meðalgönguaðilar höfðuðu mál á hendur stefndu og kröfðust efnda á kaupsamningi sínum og lyktaði þeim málaferlum með framangreindum dómi Hæstaréttar, þar sem kaupsamningurinn var metinn gildur. Hinn 18. desember fóru meðalgönguaðilar fram á að afsal færi fram samkvæmt dóminum og greiddu jafnframt andvirðið, svo sem tilskilið var í dómsorðinu.

Samtímis óskuðu meðalgönguaðilar að löghald yrði lagt á hina greiddu fjármuni og var löghaldið lagt á sama dag.

Þá kom í ljós að stefnandi hafði hinn 16. desember 1986 látið leggja löghald á „fjárröfur“ stefndu á hendur meðalgönguaðilum.

Meðalgönguaðilar telja að verði löghald þetta staðfest, geti það raskað rétti þeim er þeir telja sig eiga á hendur stefndu.

Sé þeim því nauðsynleg meðalganga í máli þessu til þess að tryggja rétt sinn er þeir telja fremri rétti stefnanda.

Mun síðar gerð nánari grein fyrir mótmælum og kröfum meðalgönguaðila er færi hefir gefist til þess að kynna sér framlögð gögn máls þessa.

Er því samkvæmt framanrituðu stefnt þeim Hafliða Guðjónssyni, til heimilis að Nóatúni 25, og Rolant Dahl Christiansen, til heimilis að Fljóta-seli 26, báðum hér í borg, og Björgu Árnadóttur, til heimilis að Uppsölum, Fremri-Torfustaðahreppi, V-Húnavatssýslu, stefnt til bæjarþings Reykja-víkur, er háð verður í dómsal borgardómaraembættisins, Túngötu 14, Reykjavík, fimmtudaginn 8. janúar 1987, kl. 10 árdegis, um leið og aðalsök máls þessa verður þar þingfest, til þess þar og þá að sjá stefnu þessa í dóm-inn lagða, hafa uppi varnir eða andmæli og sæta dómi samkvæmt kröfum meðalgönguaðila.

Ekki er talinn þörf á að ákveða sérstakan stefnufrest, þar eð aðilar og/eða lögmenn þeirra verða viðstaddir þinghald í málinu.

Reykjavík 8. janúar 1987.

Jón Bjarnason“

sign.

Á stefnu þessa er eftirfarandi ritað: „Mér nægilega birt f.h. stefndu Rólants og Bjargar. Fallið frá stefnufresti. Reykjavík, 8.1. 1987.

Gunnar Sæmundsson

sign.

f. Sigurð G. Guðjónsson

Jóhann Steinason“

sign.

Í þinghaldinu, þegar málið var þingfest, er bókað að af hálfu stefnanda sæki þing Jóhann Steinason hrl. vegna Sigurðar G. Guðjónssonar hdl. Af hálfu stefndu sæki þing Högni Jónsson hdl. vegna Gunnars Sæmundssonar hdl. Þá er og bókað að mættur sé Jón Bjarnason hrl. og leggi fram meðal-göngustefnu. Að lokum er bókað að umboðsmaður stefnanda fái frest til frekari málatilbúnaðar til 15.1. '87.

Í þinghaldi í málinu 15. janúar sl. er bókað að af hálfu stefnanda sæki þing Jóhann Steinason hrl. og leggi hann fram greinargerð í meðalgöngusök og löghaldakt. Af hálfu stefndu sæki þing Bergur Bjarnason hrl. Af hálfu meðalgöngustefnenda Önnu og Sveins sæki þing Jón Bjarnason hrl. og fái hann frest til frekari málatilbúnaðar með samþykki umboðsmanns stefn-anda til 21.1. '87.

Í þinghaldi í málinu 22. janúar sl. eru mættir hinir sömu og í þinghaldinu 15. janúar. Þá er eftirfarandi bókað:

„Sátt var reynd árangurslaust. Ákveðinn var munnlegur málflutningur. Umboðsmenn aðila fengu sameiginlegan frest til öflunar gagna um óákveð-inn tíma um framkomna frávisunarkröfu. Málið fer nú til yfirborgardómara til úthlutunar.“

Eins og framangreind bókun ber með sér kröfðust aðilar málsins frávisunar á meðalgögnusök Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar. Stefnu í greinargerð sinni en stefnandi í sérstakri greinargerð er varðar meðalgöngusökina eina.

Í fyrsta þinghaldi eftir að málinu var úthlutað dómara til meðferðar, en það var haldið 25. febrúar sl., var ákveðið að munnlegur flutningur um frávisunarkröfu aðila málsins færi fram 5. mars.

Málflutningurinn fór fram þann dag, eftir að Jóhann Steinason hrl. hafði gefið skýrslu fyrir dómnum.

Bókun á framburði Jóhanns er svohljóðandi:

„Mætta er sýnt dskj. nr. 7 (þ.e. stefna meðalgöngustefnenda). Hann kannast við að hafa áritað stefnuna á því dóm skjali um nægilega birtingu hennar f.h. Sigurðar G. Guðjónssonar hdl. Vitnið kvaðst ekki hafa almennt umboð frá Sigurði G. Guðjónssyni hdl. til þess að skrifa upp á stefnu eins og það er kallað og ekki heldur haft sérstakt umboð frá Sigurði til þessarar uppáskriftar.

Vitnið kvað Jón Bjarnason hrl. hafa mælt til þess við sig að hann skrifaði upp á stefnuna fyrir Sigurð þegar þeir hafi báðir verið staddir í bæjarþingi Reykjavíkur. Vitnið kvaðst hafa talið víst að þessi beiðni væri sett fram með samþykki Sigurðar og í trausti þess að svo væri hefði hann skrifað upp á stefnuna. Vitnið kvaðst efast um að hann hafi spurt Jón Bjarnason hrl. að því hvort samþykki Sigurðar lægi fyrir.“

Eins og fyrr segir gerir stefnandi þá kröfu í þessum þætti málsins að kröfu Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar um meðalgöngu í máli þessu verði vísað frá dómi. Ennfremur gerir stefnandi þá kröfu að Anna Sigríður og Sveinn verði dæmd til þess að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að mati réttarins.

Stefnandi byggir frávisunarkröfu sína í fyrsta lagi á því að hvorki honum sjálfum né umboðsmanni hans hafi verið birt meðalgöngustefnan þremur sólarhringum fyrir þá fyrirtöku málsins er krefjast átti meðalgöngunnar, sbr. 51. gr. og 100. gr., sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 85/1936.

Í öðru lagi kveður stefnandi málatilbúnað meðalgöngustefnenda vera þannig úr garði gerðan að sæta ætti frávisun án kröfu, þannig fullnægi stefnan ekki á nokkurn hátt þeim kröfum sem gerðar séu til stefnu í einkamáli samkvæmt 88. gr. laga nr. 85/1936.

Í þriðja lagi kveður stefnandi að meðalgöngusökinni eigi að vísa frá dómi þar sem ljóst sé að úrslit málsins skipti meðalgöngustefnendur ekki máli að lögum.

Meðalgöngustefnendur geti ekki gert neinar sjálfstæðar dómkröfur sér til handa, enda snúist aðalsökin eingöngu um uppgjör vegna riftunar á kaupsamningi um fasteign og staðfestingu löghalds sem stefnandi hafi

fengið lagt á eigur stefndu. Fráleitt sé að meðalgöngustefnendur geti átt rétt á meðalgöngu á þeim forsendum einum að þeir hafi einnig fengið lagt löghald á eigur stefndu og kunni að eiga einhverjar kröfur á hendur þeim, sbr. 50. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndu gera þá kröfu í þessum þætti málsins að meðalgöngusök Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar verði vísað frá dómi og þau dæmd til að greiða stefndu málskostnað að mati dómsins.

Kröfu sína um frávísun byggja stefndu á því að meðalgöngustefnendur eigi ekki lögvarðra hagsmuna að gæta í málinu. Stefndu hafi tekið til varna í málinu með þeim hætti að hugsanlegur réttur meðalgöngustefnenda, sem látið hafi leggja löghald á sama andlag og stefnandi en á eftir honum, sé eins vel tryggður og mögulegt sé.

Löghald stefnanda sé byggt á kröfu sem hann eigi á hendur stefndu, en hann geri of háa kröfu. Löghald meðalgöngustefnenda hafi hins vegar byggt á skaðabótakröfu sem þau telji sig eiga á hendur stefndu, en sú skaðabótakrafa eigi ekki við nein rök að styðjast. Meðalganga myndi einungis verða til þess að draga mál þetta á langinn.

Af hálfu meðalgöngustefnenda voru þær dómkröfur gerðar að meðalganga þeirra yrði heimiluð og aðilum málsins yrði gert skylt að hlíta henni og að greiða meðalgöngustefnendum málskostnað í þessum þætti málsins. Kröfugerð meðalgöngustefnenda verður að skilja svo að þeir krefjist þess að synjað verði um frávísun meðalgöngusakar og að aðilar málsins verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað.

Af hálfu meðalgöngustefnenda er á það bent að sótt hafi verið þing af hálfu stefnanda þessa máls þegar meðalgöngustefnan hafi verið lögð fram. Þegar svo standi á verði máli ekki vísað frá dómi enda þótt fram komi krafa um það, en um þetta séu skýr ákvæði í lögum um meðferð einkamála í héraði. Því hafi ekki þurft að birta stefnu í meðalgöngusökinni og ekki að ákveða neinn stefnufrest. Þess vegna skipti ekki máli þótt Jóhann Steina-son hrl. hafi áritað meðalgöngustefnuna án umboðs frá stefnanda.

Í meðalgöngustefnunni komi allt fram sem þurfi að koma fram í stefnu.

Stefnandi geri kröfu til þess að fá greitt það fé allt sem meðalgöngustefnendur hafi greitt stefndu. Meðalgöngustefnendur vilji hafa hönd í bagga með því hvað um þetta fé verði. Þau séu með háar kröfur á stefndu og stefndu eigi ekki aðrar eignir en greiðsluna frá meðalgöngustefnendum. Þeim sé því nauðsynlegt að gæta hagsmuna sinna í þessu máli.

Niðurstaða dómsins.

Öumdeilt er að Jóhann Steina-son hrl. sótti þing fyrir lögmann stefnanda í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 8. janúar sl. og annaðist þingfestingu þessa máls.

Upplýst verður að telja að Jóhann hafi ekki haft umboð frá lögmanni stefnanda til þess að árita meðalgöngustefnu með þeim hætti sem hann geri og að framan er lýst.

Af hálfu stefndu var og sótt þing.

Jón Bjarnason hrl. var viðstaddur þingfestingu málsins og lagði þá fram stefnu í meðalgöngusök f.h. meðalgöngustefnendur (sic).

Umboðsmaður stefnanda mótmælti ekki framlagningu meðalgöngustefnunnar.

Samkvæmt framanskráðu og með vísan til 97. gr. laga nr. 85/1936 verður ekki fallist á þá kröfu stefnanda að meðalgöngusökinni verði vísað frá dómi vegna þess að stefna í meðalgöngusök hafi hvorki verið birt stefnanda né umboðsmanni hans með lögboðnum fresti til þingsóknar.

Stefna í meðalgöngusök fullnægir ekki ákvæðum 88. gr. laga nr. 85/1936 í eftirtöldum atriðum.

Ekki er getið um stöðu og nafnnúmer aðila, sbr. a lið 88. gr. Ekki er minnst á lagarök eða gögn sem stefnendur í meðalgöngusök hyggjast hafa til sönnunar, sbr. e og f liði 88. gr.

Þá er lýsing málsástæðna og annarra atvika sem þörf er að greina ákaflega rýr og fullnægir ekki þeim kröfum sem gera verður skv. 88. gr. eml. til slíkrar lýsingar.

Krafa um frávísun meðalgöngusakar kom fram í greinargerð stefndu í máli þessu og í greinargerð stefnanda máls þessa í meðalgöngusökinni, en greinargerðir þessar voru lagðar fram í málinu í næsta þinghaldi á eftir þingfestingu þess, 15. janúar sl.

Stefnendur í meðalgöngusök lögðu ekki fram greinargerð og ekki heldur nein gögn kröfum sínum til stuðnings við þingfestingu meðalgöngusakar og ekki síðar þótt þeir hafi tvívegis fengið sérstaklega frest til gagnaöflunar eftir að kröfur um frávísun meðalgöngusakar komu fram.

Einu tilburðirnir sem stefnendur í meðalgöngusök hafa haft uppi til gagnaöflunar er að gera kröfu til þess, eftir að hafinn var munnlegur málflutningur um frávísun meðalgöngusakar, að fá að leggja fram bréf lögmanns stefnanda til borgarfógeta í Reykjavík dags. 19. desember 1986. Þessari framlagningu var mótmælt af hálfu lögmanns stefnanda og synjað af dómara.

Eins og að framan er rakið þykja meðalgöngustefnendur ekki hafa í málatilbúnaði sínum fullnægt öllum ákvæðum 88. gr. laga nr. 85/1936 og ekki verður heldur talið að þeir hafi fullnægt ákvæðum 105. gr. sömu laga.

Dómarinn hefur að vísu ekki bent meðalgöngustefnendum á það sem telja verður áfátt sbr. ákvæði 116. gr. laga nr. 85/1936, en það atriði kom ekki til skoðunar fyrr en eftir að aðilar máls þessa höfðu gert kröfu um frávísun meðalgöngusakarinnar.

Eins og málið liggur fyrir dóminum og samkvæmt því sem að framan er rakið um málalíbúnað meðalgöngustefnenda þykir rétt að taka til greina kröfu aðila máls þessa um vísun meðalgöngusakar Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar frá dóminum.

Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson greiði stefnanda, Hafliða Guðjónssyni kr. 8.800,00 í málskostnað og stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen kr. 4.400,00 hvoru í málskostnað.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Vísað er frá dómi meðalgöngusök Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar í máli þessu.

Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson greiði stefnanda Hafliða Guðjónssyni kr. 8.800,00 í málskostnað og stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen kr. 4.400,00 hvoru í málskostnað.

Þriðjudaginn 14. apríl 1987.

Nr. 85/1986. **Ólafur Kristján Guðmundsson**
(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.)
gegn
Grími h/f
og
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
til réttargæslu
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Vinnuslys. Skaðabætur utan samninga. Ábyrgð útgerðarmanns.
Örorka. Mat. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og prófessor Sigurður Línal.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars